

Nd. **871. Breytingartillaga** **[340. mál]**

við frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, HBl, ÓE, GB).

Við 20. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ríkissjóður skal greiða sveitarfélögum þann hluta persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu útsvars vegna hvers launamanns á staðgreiðsluári, sbr. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 15. gr. laga þessara, eigi síðar en fyrir lok næsta mánaðar eftir eindaga staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 3. mgr.